

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag Dalvíkurhafnar og aðliggjandi svæði.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur þann 15. júlí 2016, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkt deiliskipulag Dalvíkurhafnar og aðliggjandi svæðis.

Skipulagssvæðið er skilgreint í aðalskipulagi frá 2008–2020 sem athafna-, iðnaðar-, hafnar-, íbúðar- og þjónustusvæði. Samhliða skipulagi þessu eru gerðar nokkrar breytingar á aðalskipulagi sem gera m.a. ráð fyrir nýjum landfyllingum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Dalvíkurbyggðar, 10. ágúst 2016,

Börkur Þór Ottósson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. ágúst 2016